



Lagt fyrir 362. fund velferðarráðs 9. október 2019  
VEL2019090013  
RÁ/bm

## Umsögn

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### **Efni: Umsögn um tillögu um sveigjanlegri heimaþjónustu**

Á fundi velferðarráðs þann 21. ágúst 2019 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram svohljóðandi tillögu:

*Lagt er til að við endurskoðun reglna um félagslega heimaþjónustu verði unnið að því markmiði að skapa sveigjanlegri þjónustu hvað varðar tímaveitingar. Í 5. gr. núverandi reglna kemur fram að gert sé ráð fyrir að almenn félagsleg heimaþjónusta sé veitt á virkum dögum á dagvinnutíma. Þjónusta er einnig veitt á kvöldin og um helgar fyrir þá sem þurfa á félagslegri heimaþjónustu að halda utan dagvinnutíma. Í núverandi reglum kemur fram að aðstoð um kvöld og helgar felist einkum í innliti og stuttri samveru með það að markmiði að stuðla að aukinni öryggiskennd eða aðstoð við persónulega umhirðu. Hér er lagt til að unnið verði að því að geta boðið upp á lengri þjónustu um kvöld og helgar í formi viðveru, fyrir þá sem kunna að vera í þörf fyrir slíkt. Lagt er til að könnun á þörf fari fram, til að nálgast upplýsingar um hversu margir kunna að vera í slíkum aðstæðum. Í framhaldi af því er lagt til að velferðarsvið setji fram upplýsingar um hvernig megi útfæra slíka þjónustu með tilliti til starfsfólks, stöðugilda og tengdra þátta. Þannig má tryggja með ríkari hætti að þjónustuveitingin komi til móts við ólíkar þarfir einstaklinga*

Afgreiðslu tillögunnar var frestað.

Þann 1. janúar 2019 voru alls 2.830 heimili með heimaþjónustu. Þar af voru 367 með kvöld og helgarþjónustu. Með notendakönnun væri hægt að kanna þörf þjónustuþega til aukinnar þjónustu og mikilvægt er að aðstandendur og starfsfólk taki þátt í slíkri könnun til þess að fá sem gleggsta mynd af stöðunni. Kostnaður við slíka könnun gæti numið allt að 1,5 til 2 mkr. eftir umfangi og eðli könnunarinnar, þ.e. hvort að lögð verði fyrir spurningakönnun, hvort farið verði í djúpvíðtöl eða aðrar aðferðir nýttar. Að fengnum niðurstöðum væri hægt að meta kostnað við aðgerðir.